

**Ræða formanns SSNV,
Adolfs H. Berndsen,
á ársþingi SSNV, 16. október 2015**

Þingforseti og aðrir góðir fundarmenn

Eitt ár er stuttur tími í starfi samtaka sem SSNV. Á síðasta ársþingi, sem haldið var á Hvammstanga fyrir rétt um ári, var kosin ný stjórn fyrir samtökin. Á þeim tímamótum var okkur ljóst, sem tókum við keflinu, að innra starf samtakanna hafði glímt við erfiðleika. Ráðning nýs framkvæmdastjóra beið okkar. Fyrir valinu varð Bergur Ágústsson fyrrum sveitarstjóri í Norðurþingi. Því miður varði hans ráðning í aðeins 8 mánuði en þá hélt hann til annara starfa. Ingibergur Guðmundsson og Sólveig Olga Sigurðardóttir tóku þá í sameiningu við keflinu og hafa leyst verkefnið með sóma í góðu samstarfi við aðra starfsmenn og stjórn.

Það er ánægjulegt að tilkynna að í gærkvöldi gekk stjórn samtakanna frá ráðningu Björns Líndals Traustasonar sem næsta framkvæmdastjóra SSNV. Björn hefur BS próf í viðskiptalögfræði og stundar nú nám á meistarastigi við Háskóla Íslands í skattarétti og reikningsskilum, auk þess hefur hann reynslu af rekstri og fjármálaumsýslu. Björn mun hefja störf í næsta mánuði. Við vonumst öll eftir góðu og árangursríku starfi og samstarfi við hinn nýja framkvæmdastjóra og bjóðum hann velkominn til starfa.

Umhverfi samtaka sem okkar hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum og í því sambandi má nefna aukin verkefni, svo sem málefni fatlaðra, sóknaráætlun og almenningsamgöngur.

Sóknaráætlun er sú aðferð sem nokkur sátt virðist vera um að verði sú leið sem stjórnvöld beini fjármunum eftir á sviði menningarmála, atvinnuþróunar og nýsköpunar. En því miður alltof litlum fjármunum, þrátt fyrir yfirlýsingar um annað. Til fróðleiks þá var 100 mkr. varið til sóknaráætlunar á árinu 2015 en voru 400 mkr. árið 2013. Af þessum 100 mkr. á þessu ári var hlutur Norðurlands vestra 10 mkr. Samkvæmt frumvarpi að fjárlögum í ár er gert ráð fyrir 145 m.kr.

Það má öllum vera ljóst að ætlist stjórnvöld til þess að Sóknaráætlun landshlutanna verði það tæki sem stefnt er að þá þurfa meiri fjármunir að renna til verkefnisins. Fyrr fær atvinnulífið, sveitarstjórnir og almenningur ekki þá tiltrú á verkefnið sem til þarf. Þessum skilaboðum hefur verið komið á framfæri við stjórnvöld, m.a. við gerð fjárlaga.

Málefni fatlaðra, sem rekið er af Byggðasamlaginu Rótum, veldur okkur öllum miklum fjárhagslegum áhyggjum. Þar hefur verið háð hörð barátta að hálfu sveitarfélaganna til að ná fram leiðréttingu á samningum, barátta sem óljóst er á þessari stundu hvernig fer. Því miður er þetta dæmi um að sveitarfélögin í landinu þurfa að fara mjög varlega í því að yfirtaka verkefni frá ríkisvaldinu.

Á dögnum samþykkti velferðarráðherra ósk sveitarfélaganna sem standa að Rótum um heimild til að breytinga á samstarfinu. Í þessu felst að Fjallabyggð og Dalvík leita samstarfs í austur. Nú er því verkefnið að skoða með hvaða hætti best og hagkvæmast sé fyrir landshlutann að halda áfram með þennan málaflokk.

Breytingar á tilhögun almenningsamgangna með yfirtöku sveitarfélaganna er svo enn eitt dæmið um að forsendur standast ekki að hálfu stjórnvalda. Í því sambandi hefur einkaleyfi til fólksflutninga ekki haldið þar sem lagaumgjörðin er ekki nógu skýr, afsláttur af olíugjaldi hefur einnig farið stöðugt minnkandi. Þetta eru breytur sem skipta miklu máli um forsendur samningsins.

Eftir stendur þó að landshlutasamtökin vilja halda þessum samningi áfram enda hafa mælingar meðal notenda sýnt ánægju með þjónustu Strætó. Landshlutasamtökin þurfa því að halda áfram baráttu sinni fyrir því að stjórnvöld standi við sinn hluta samningsins. Í þessu verkefni höfum við átt náið samstarf við SSV, Eyþing og Fjórðungssamband Vestfirðinga.

Byggðamálin

Byggðamál og atvinnuþróun er meginþemað á þessu ársþingi okkar og þarf engan að undra. Stöðug varnarbarátta hefur verið háð á starfssvæði samtakanna síðustu árin og í raun áratugin. Fækkun opinberra starfa, samdráttur í opinberri þjónustu, fækkun starfa í hefðbundnum atvinnugreinum og menntastofnanir okkar heyja stöðuga varnarbaráttu, svo eitthvað sé nefnt. Viðvarandi fólksfækkun hefur fylgt þessari þróun sem og erfiðleikar í rekstri sveitarfélaga. Þessi þróun verður að snúast við og þá er eðlilegt að við spyrjum okkur, hvernig má það gerast?

Í mínum huga er það skýrt að það gerist ekki án þess að við fáum aukinn skilning stjórnvalda þannig að starf sveitarstjórnarmanna og þeirra sem um mál fjalla hjá okkur snúist ekki einvörðungu um að slökkva elda – elda niðurskurðar og samdráttar.

Það er eðlilegt að við spyrjum okkur, hvernig náum við sambandi og skilningi stjórnvaldamanna og hvernig er þeirra vígstaða þegar kemur að því að verja okkar hagsmuni og aðstoða okkur við að sækja fram? Við spyrjum okkur öll reglulega þessarar spurningar. Fyrir mitt leyti vil ég meina að þingmönnum okkar sé nokkur vorkunn. Vorkunn með að áhrif þeirra hafa farið minnkandi, vægi embættismanna og stofnana hefur farið stöðugt vaxandi á kostnað stjórnvaldamanna. Valdið hefur verið að færast inn á skrifstofur embættismanna í höfuðborginni í sívaxandi mæli.

Á sama tíma hefur krafan um jöfnun atkvæðisréttar orðið enn meira áberandi, m.a. frá sama landsvæði, höfuðborginni. Fjölmiðlar og þeir sem tjá sig á samskiptamiðlum hafa gerst æ háværi og neikvæðari í garð landsbyggðarinnar. Þingmenn kveinka sér undan og reyna að forðast átakalínurnar.

Við megum samt enga eftirgjöf sýna í að kynna stöðu landshlutans, m.a. með fundum með ráðamönnum, skrifum í fjölmiðla og kynningarstarfsemi. Við þurfum því að takast á við breytta tíma og nýjar áskoranir, m.a. þær sem hér hafa verið nefndar.

En gleymum ekki því sem til árangurs telst. Nægir þar að nefna skýrslur og tillögur Norðvestur- og A-Hún nefndanna þar sem eru margar jákvæðar hugmyndir og beinar tillögur.

Það að koma þessu nefndarstarfi á fót tókst eftir baráttu sveitarstjórnarmanna í landshlutanum. Baráttu sem náði eyrum stjórnvalda og er að mínu mati stór viðurkenning á veikri stöðu okkar.

Sú viðurkenning liggur líka fyrir í orðum forystumanna ríkisstjórnarinnar á þeim fundum sem við höfum setið með þeim að undanfögnu.

En fyrst er að fá viðurkenninguna, síðan er það framkvæmdin. Það eru vonbrigði að sjá að verkefni NV nefndar hafi ekki enn fengið meiri hljómgrunn en raun ber vitni í meðförum stjórnvalda til þessa. Vonandi verður breyting þar á áður en fjárlög verða samþykkt. Ég leyfi mér að vona og trúna að hægt verði að vinna áfram á þessum grunni sem þar er lagður og að ákveðnum árangri verði náð á næstu mánuðum og misserum.

Sama á við um A-Hún nefndina. Stórt og áhugavert verkefni um iðnaðaruppbyggingu á Hafurstöðum í Skagabyggð er m.a. afrakstur af starfi þeirrar nefndar. Í tengslum við þetta verkefni hefur SSNV lagt inn umsókn til fjárlaganefndar í nafni sveitarfélaganna og Klappa ehf sem sameinast hafa um þetta verkefni. Þar er óskað eftir fjárhagslegum stuðningi við frekari rannsóknir og innviðagreiningu. Sótt er um 75 m.kr. fyrir næsta ár og sömu upphæðir, árin 2017 og 2018. Síðar á þinginu fáum við frekari kynningu og umræðu um þetta verkefni.

Það dylst engum að viðhorf landsmanna til áliðnaðar á Íslandi eru harla blendin og sama á við um okkar landsvæði. Það er hinsvegar mat okkar, sem höfum komið að þessu verkefni, að rétt sé að vinna að því að kanna hversu raunhæft verkefnið sé. Okkur ber saman um að iðnaðaruppbygging á svæðinu sé nauðsynlegur þáttur til að ná viðspyrnu gegn samdrætti í hefðbundnum atvinnugreinum. Rétt er að minna á í þessu sambandi, að nýting orku Blönduvirkjunar á heimaslóðum hefur verið baráttumál okkur um langa hríð. Við verðum að fylgja þeirri baráttu eftir og ná árangri.

Ekki þarf að minna menn á að barátta annarra landsvæða fyrir orkufrekum iðnaði hefur tekið tíma og oft langan. Nægir í því sambandi að nefna Bakka. Þar er nú að hefjast öflug uppbygging. Þar var í byrjun tekin stefna á álver, niðurstaðan er önnur. Við þurfum því að búa okkur undir langt og erfitt verkefni sem getur tekið breytingum og kostað mikla vinnu og fjármuni.

Kannski mætti vitna hér í kínverskt máltæki sem á vel við en þar segir: „Það er auðveldara að tala um góðverkin en að vinna þau“.

Vonandi látum við verkin tala. Það er líka rétt að við minnum okkur á að um þetta verkefni hefur náðst góð samvinna sveitarfélaganna. Þessi samvinna hefur ekki bara auðveldað okkur að ná áttum í verkefninu heldur skynjum við aukinn slagkraft gagnvart stjórnvöldum og þingmenn kjördæmisins fagna þessari samstöðu.

Að sama skapi verðum við að horfa til fleiri átta, nægir þar að nefna aðra iðnaðarkosti, sem og uppbyggingu ferðaþjónustu. Þar hefur okkur ekki miðað nægjanlega vel áfram og ekki ennþá tekist að draga að marga öflugra fjárfesta. SSNV hefur í samráði við ferðaþjónustuna unnið að verkefni til að efla greinina, finna tækifæri og þjappa henni betur saman. Sérstakur starfsmaður hefur sinnt þessu verkefni á annað ár. Enginn vafi er á að við þurfum að efla samstarf okkar á sviði ferðaþjónustu sem og á öðrum sviðum. Þar verður SSNV líka að taka fullan þátt.

Í því sambandi má nefna að nýsamþykkt áhersluverkefni Sóknaráætlunar Norðurlands vestra gerir ráð fyrir því að styðja við markaðssetningu frumkvöðla og sprotafyrirtækja, m.a. í ferðaþjónustu, bæði með námskeiðum og persónulegri ráðgjöf. Hér eru margir áhugaverðir

sprotar sem við þurfum að hlúa að, þessu verkefni er m.a. ætlað að stuðla að því. Í þetta verkefni verða lagðar þær tíu milljónir sem komu með sóknaráætluninni á þessu ári.

Við þurfum líka að tryggja vörnina um hefðbundnar atvinnugreinar okkar, svo sem landbúnað og sjávarútveg. Í þeim atvinnugreinum er umhverfið síkvíkt og mikill þrýstingur á um endurskipan mála. Nú síðast má nefna yfirvofandi breytingar með nýgerðum tollasamningum við Evrópusambandið sem snerta innflutning á matvælum og gætu þannig haft viðvarandi áhrif á stöðu landbúnaðarins. Þar þurfa hagsmunaaðilar, þingmenn, sem og heimamenn, að standa vörðinn.

Í umræðu um atvinnu og byggðamál svæðisins vil ég meina að verkefni næstu missera sé að standa vörð um það sem fyrir er og jafnframt að selja ráðamönnum það að nú sé komið að Norðurlandi vestra.

Á sama tíma þarf að vinna ötullega að því að kynna kosti svæðisins fyrir fjárfestum á sviði iðnaðar, nýsköpunar og ferðaþjónustu.

Takist áfram gott samstarf sveitarfélaganna – verður sú barátta auðveldari og líkur á árangri betri.

Nýjar samþykktir - nýtt fyrirkomulag á þinghaldi

Ágætu fundarmenn, á þinginu verður lögð fram tillaga að nýjum samþykktum og þingsköpum fyrir samtökin. Þar er fyrst og fremst verið að horfa til þess að samþykktirnar séu í samræmi við breytingar á eðli og starfi samtakanna og breytingum á sveitarstjórnarlögum. Starfshópnum sem vann þessar tillögur er þakkað gott starf.

Stjórn samtakanna tók þá ákvörðun að gera þá tilraun að ársþing okkar stæði aðeins einn dag að þessu sinni. Ástæðan fyrir því var fyrst og fremst sú að fá nýja nálgun, betri nýtingu á tíma manna, auk sparnaðar. Önnur landshlutasamtök hafa verið að skoða breytingar á tilhögun ársþinga sinna. Þannig hafa Vestlendingar tekið upp þann háttáð halda tvo fundi á ári. Sá fyrri er aðalfundur og skal haldinn eigi síðar en í apríl mánuði. Í september er síðan haldið málþing um hagsmunamál sveitarfélaganna.

Tekið skal fram að á kosningarári til sveitarstjórna skal hinsvegar fresta dagskrárliðnum, kosning stjórnar, á aðalfundi til málþings að hausti. Nú á dögnum voru Vestfirðingar að samþykkja svipaða tilhögun hjá sínum landshlutasamtökunum.

Það er mín persónulega skoðun að rétt sé að skoða að fara sömu leið og samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og Vestfjörðum hafa innleitt. Til þess að svo geti orðið þarf að breyta samþykktum samtaka okkar, ekki er þó tillaga um slíkt að hálfu stjórnar á þessu þingi.

Margar ályktanir eru lagðar fram á þessu þingi sem varða hagsmuni landshlutans, einnig eru lagðar fram tillögur sem varða skipulag og framkvæmd verkefna. Má þar nefna tillögu um að ársskýrsla verði framvegis lögð fram með rafrænum hætti. Þessi tillaga er fyrst og fremst hugsuð til sparnaðar. Með tilkomu sóknaráætlunar breytist hlutverk og staða menningarráðs og

fyrir þinginu liggur tillaga um að Menningarráð Norðurlands vestra verði lagt niður. Einnig er tillaga um endurskoðun á menningarstefnu sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra.

Þá vil ég minnst á fjárhagsáætlun SSNV fyrir árið 2016 sem liggur fyrir þinginu en þar er verið að sameina bókhald SSNV og SSNV atvinnuþróunar. Um næstu áramót mun einnig leggjast af sérstakt bókhald og þar með sérstakir ársreikningar menningarráðs og vaxtarsamnings og ársreikningar málefna fatlaðra eru komnir yfir til Róta.

Þetta verður allt til mikillar einföldunar fyrir samtökin. Eftirfylgni og vinna við áætlunargerð verður einfaldari og markvissari og mun væntanlega lækka kostnað, t.d. við endurskoðun.

Markaðsmál

Stjórn samtakanna leggur til í fjárhagsáætlun 2016 að henni verði gefin heimild til að ráðstafa allt að 25 mkr. til markaðsmála og kynningar á svæðinu. Þetta er samhljóða tillögu sem samþykkt var á síðasta ársþingi en var ekki komið í framkvæmd. Ástæður fyrir því voru nokkrar, má þar nefna verulega íþyngjandi rekstur vegna ófyrirséðra launagreiðslna og breytinga á starfsmannahaldi.

Í huga stjórnar er mjög mikilvægt að skilgreina verkefnið vel. Horfa verður til þess hvernig menn geta með þessum fjármunum bætt ímynd svæðisins, ekki síst gagnvart fjárfestum, jafnframt því að gera svæðið áhugaverðara fyrir fólk til búsetu.

Meðal hugmynda er að skoða í þessu sambandi hvort rétt sé að ráða starfsmann með viðamikla þekkingu og reynslu á sviði markaðsmála til að stýra þessu verkefni. Hugsa má málið lengra, t.d. að fá fjárhagslega aðkomu fyrirtækja á svæðinu að verkefninu, með þá sameiginlegu sýn að bæta ímynd og aðdráttarafl landshlutans.

Það er mat stjórnarinnar að fjárhagsstaða samtakanna sé með þeim hætti að verkefni að þessari stærðargráðu raski ekki verulega fjárhag SSNV. Stjórnin leggur áherslu á að til þessa verks verði vel vandað og gott samráð náist um tilgang, markmið og framkvæmd.

Lokaorð

Góðir fundarmenn, sannarlega mætti víðar koma við í yfirferð þessari. Mörg stórmál sem brenna á okkur hafa ekki verið nefnd, mál sem ekki eru í ásættanlegri stöðu. Má þar nefna fjárhagsstöðu sveitarfélaga og samskipti við ríkið þegar kemur að tekjuskiptingu, heilbrigðismál, samgöngumál sem og stöðu fjarskiptamála. Ég vísa til ítarlegrar skýrslu stjórnar sem liggur fyrir þinginu sem og tillagna sem liggja fyrir þinginu og snerta m.a. þessa mikilvægu málaflokka.

Ágætu félagar, í öllu þessu basli, jafnvel neikvæðni, megum við þó ekki missa sjónar af því að á Norðurlandi vestra er gott að búa, hér er margt vel gert og hér eru mörg tækifæri.

Ég vona að þingið verði áhugavert, umræður góðar og að það verði okkur öllum hvatning til góðra verka og samstöðu.

Síðast en ekki síst vil ég fyrir hönd stjórnar færa okkar góða starfsfólki bestu þakkir fyrir gott

starf sem oft hefur verið unnið við erfiðar aðstæður. Einnig vil ég þakka stjórn samtakanna fyrir gott samstarf.

Opnun nýrrar heimasíðu

Á undanförunum mánuðum hefur verið unnið að uppfærslu og endurnýjun á heimasíðu SSNV í samstarfi við Stefnu á Akureyri.

Stefnt er að því að hún verði virkari og áhugaverðari miðill fyrir sveitarstjórnarmenn, íbúa landshlutans, sem og aðra þá sem vilja nálgast upplýsingar. Ég vil biðja Sólveigu Olgu Sigurðardóttur, starfsmann okkar, sem leitt hefur þetta verkefni í samstarfi við aðra ágæta starfsmenn samtakanna, að opna formlega nýja heimasíðu samtakanna.